

Alþg. 3.11.192

Kvennalistinn:

04.10

# Klofningur í EES málum staðfestur

*Sjónarmið Ingibjargar Sólrúnar urðu undir. Kvennalistinn  
orðinn „stofnun“ og grasrótin þreytt og óvirk*

Stefnu Kvennalistans í EES-málum var ekki breytt á landsfundi samtakanna sem haldinn var á Laugarvatni um síðustu helgi. Eftir talsvert harðar og opinskáar deilur, sem að vísu fóru að hluta fram fyrir luktum dýrum, var samþykkt ályktun þar sem segir að landsfundurinn „viðurkennir að skoðanir varðandi afstöðu samtakanna til EES og EB eru skiptar. Landsfundur Kvennalistans telur þau skoðanaskipti sem orðið hafa ekki gefa tilefni til að breyta yfirlýstri stefnu varðandi aðildina að EES og EB.“ Sjónarmið Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem ein þingkvenna Kvennalistans er fylgjandi EES, urðu þannig undir. Auk þess er „minnt á“ í ályktuninni, að ákvarðanir landsfundar Kvennalistans „eru stefnumarkandi fyrir starfsemi

hans innan þings sem utan.“ Hins vegar er ekki gerð krafa til þingkvenna að þær greiði atkvæði gegn eigin sannfæringu.

Á landsfundinum, sem var talsvert fámennari en við var búist, kom einnig fram gagnrýni á að þingkonurnar sæu einar um stefnumörkun samtakanna og að Kvennalistinn væri orðinn „stofnun“, án tengsla við hinar „almennu kvinnalistakonur“. Anna Kristín Ólafsdóttir sagði í framsögu fyrir nefndarálitum um endurskipulagningu samtakanna, að „grasrótin væri orðin ákaflega þreytt“ og að virkni annarra en þingkvenna væri í lágmarki. Tillögur um nýtt skipulag samtakanna miða að því að virkja fleiri konur til þátttöku í stefnumörkun og hugmyndavinnu.